

Raforkuspá 2006-2030

**Endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum
gögnum og breyttum forsendum**

Orkuspárnefnd

OS-2006/007

Raforkuspá 2006–2030

Endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum
gögnum og breyttum forsendum

Orkuspárnefnd

OS-2006/007

ISBN 9979-68-193-4

Orkustofnun

Orkugarður • Grensásvegi 9 • 108 Reykjavík • Sími 569 6000 • Fax: 568 8896 • os@os.is • www.os.is

Skýrsla nr.: OS-2006/007	Dags.: Ágúst 2006	Dreifing: Opin ☒ Lokuð ☐
		Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Raforkuspá 2006-2030. Endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum.		Upplag: 50
		Fjöldi síðna: 74
Höfundar: Orkusparnefnd Vinnslu efnis og frágang texta annaðist Verkfræðistofan AFL ehf., Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson		Verkefnisstjóri: Þorkell Helgason
Gerð skýrslu / Verkstig: Raforkuspá		Verknúmer: 416-7001
Unnið fyrir:		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni er fjallað um raforkunotkun fram til ársins 2030. Hún er unnin á vegum Orkusparnefndar og er endurreikningur á spá frá 2005 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum. Spáin er byggð á forsendum um mannfjölda, fjölda heimila, landsframleiðslu og framleiðslu einstakra atvinnugreina. Almennri raforkunotkun er skipt niður í sex flokka auk dreifi- og flutningstapa auk þess sem notkun vinnslufyrirtækja er sýnd sérstaklega. Fyrir stóriðju er miðað við samninga sem þegar hafa verið gerðir. Samkvæmt endurreikningnum mun almenn notkun forgangsorku aukast um 22% fram til 2015 og um 60% alls næstu 25 árin. Árleg aukning notkunar er 1,9%/ári. Áætluð forgangsorka hefur aukist um 221 GWh fram til ársins 2030 við þennan endurreikning frá spánni frá 2005 og er aukningin mest á höfuðborgarsvæðinu.		
Lykilorð: Ísland, raforkuspá, raforkunotkun, raforkuvinnsla, forgangsorka, ótryggð orka, álag	ISBN-númer: 9979-68-193-4	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarið af: Raforkuhópi Orkusparnefndar	

EFNISYFIRLIT

1	ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	9
2	FORSENDUR.....	11
3	ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN	15
4	SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2005.....	25
	RITASKRÁ.....	28
	VIÐAUKI 1 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2005 GREIND NIÐUR Á VIRKJANIR OG MÁNUÐI	29
	VIÐAUKI 2 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2005 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG RAFVEITUR	33
	VIÐAUKI 3 RAFORKUNOTKUN ÁRSINS 2005 GREIND NIÐUR Á NOTKUNARFLOKKA OG LANDSHLUTA	39
	VIÐAUKI 4 NOTKUN SKIPT NIÐUR Á SÖLUSTADI FRÁ MEGINFLUTNINGSKERFINU	45
	VIÐAUKI 5 AFLÞÖRF RAFORKUKERFISINS Á ÁRINU 2005.....	61

TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1	RAFORKUNOTKUN STÓRIÐJUFYRIRTÆKJA NÆSTU ÁRIN.	16
TAFLA 2	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGSORKA OG ÓTRYGGÐ ORKA. ALMENN NOTKUN AÐ MEÐTÖLDUM DREIFITÖPUM OG NÚVERANDI OG SAMÞYKKT NÝ STÓRIÐJA (* RAUNTÖLUR).	17
TAFLA 3	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA (*RAUNTÖLUR). ..	18
TAFLA 4	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN GREIND NIÐUR Á FLOKKA, ÓTRYGGÐ ORKA (*RAUNTÖLUR). ...	19
TAFLA 5	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN GREIND NIÐUR Á FLOKKA, FORGANGSORKA OG ÓTRYGGÐ ORKA (*RAUNTÖLUR).	20
TAFLA 6	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN AÐ MEÐTALINNI NOTKUN VINNSLUFYRIRTÆKJA, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	21
TAFLA 7	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN, ÓTRYGGÐ ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	22
TAFLA 8	SPÁ UM ALMENNA RAFORKUNOTKUN AÐ MEÐTALINNI NOTKUN VINNSLUFYRIRTÆKJA, FORGANGS- OG ÓTRYGGÐ ORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA (*RAUNTÖLUR).	23
TAFLA 9	BREYTINGAR Á ÁÆTLAÐRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SÍÐUSTU ÚTGEFNU SPÁ, FORGANGSORKA.	25
TAFLA 10	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI ALMENNRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SÍÐUSTU ÚTGEFNU SPÁ, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á LANDSHLUTA.	26
TAFLA 11	BREYTING Á ÁÆTLAÐRI ALMENNRI RAFORKUNOTKUN FRÁ SÍÐUSTU ÚTGEFNU SPÁ, FORGANGSORKA, GREIND NIÐUR Á FLOKKA.	27

MYNDASKRÁ

MYND 3.1	SPÁ UM RAFORKUNOTKUN, FORGANGS- OG ÓTRYGGÐ ORKA, TÍMABILID 2006–2030 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2005.	24
MYND 3.2	AUKNING ALMENNRRAR RAFORKUNOTKUNAR, FORGANGS- OG ÓTRYGGÐ ORKA, ÁRIN 2006–2030 ÁSAMT RAUNTÖLUM ÁRANNA 1995–2005 (HITASTIGSLEIÐRÉTT).	24

1 ÁGRIP OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Raforkuhópur orkuspárnefndar hefur farið yfir forsendur síðustu raforkuspár, frá 2005, út frá nýjum gögnum sem borist hafa frá því spáin kom út (sjá ritaskrá varðandi nýjar upplýsingar). Hafa ber í huga þegar tölur eru nú bornar saman við eldri spár að framsetning breytist nokkuð vegna nýs skipulags raforkukerfisins. Flutningskerfið er umfangsmeira nú en áður en á móti eru tölur í spennum virkjana ekki lengur talin til flutningstapa heldur koma þau hér fram sem notkun vinnslufyrirtækja þar sem þau eiga spennana. Önnur notkun í og við virkjanir er nú flokkuð til vinnslufyrirtækja en var áður talin með veitum.

Raforkuvinnsla rafveitna árið 2005 var alls 8.681 GWh og var hún 188 GWh minni en spáin frá 2005 gerði ráð fyrir en heildarálag á kerfið var aftur á móti 2 MW meira en áætlað var. Notkun í stóriðju er 69 GWh minni en spáð var. Ótryggð orka til almennra nota var 60 GWh minni en spáð var og ræður þar um mestu samdráttur í veiðum á kolmunna og þar af leiðandi minni raforkunotkun fiskimjölsverksmiðja. Ef einungis er litið á forgangsorku almenns markaðar var hún 29 GWh minni en spáin gerði ráð fyrir en við hitastigsleiðréttingu eykst notkunin um 22 GWh svo frávikið verður aðeins 8 GWh eftir leiðréttingu. Flutningstöpin reyndust 29 GWh minni en spáð var árið 2005.

Mesta aflþörf raforkukerfisins árið 2005 varð þann 18. janúar milli klukkan 18 og 19 og var þá meðalálag á orkuver kerfisins 1.201 MW og hafði aukist um 24 MW frá árinu á undan. Aflþörf almenningsveitna var á þeim tímapunkti 525 MW, þörf stóriðjufyrirtækja var 611 MW, vinnslufyrirtækja 24 MW og tölur í flutningskerfinu námu 41 MW eða 3,4%. (Sjá nánar: viðauka 5, töflu 6).

Samkvæmt þessari spá mun almenn notkun forgangsorku aukast um 22% fram til 2015 og um 60% alls næstu 25 árin og er notkun vinnslufyrirtækja meðtalin. Árleg aukning notkunar er tæp 1,9% á ári að meðaltali næstu 30 árin.

Áætluð forgangsorka hefur við þennan endurreikning aukist um 221 GWh fram til ársins 2030 miðað við spána frá 2005 og kemur aukningin mest fram á höfuðborgarsvæðinu. Spáin hækkar nú aðallega vegna þess að gert er ráð fyrir meiri hagvexti til lengri tíma litið en í spánni frá 2005 í samræmi við mat efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis.

Í viðauka 1 hér að aftan er sýnd raforkuvinnsla á landinu árið 2005. Í viðauka 2 er raforkunotkun á landinu árið 2005 greind niður á notkunarflokkum og rafveitur. Í viðauka 3 er notkunin greind niður á notkunarflokkum og landshluta. Í viðauka 4 er notkun samkvæmt spánni skipt niður á sölustaði frá meginflutningskerfinu, en sölustöðum hefur fjölgað verulega enda stækkaði flutningskerfið við stofnun Landsnets. Teknar eru saman upplýsingar um aflþörf í raforkukerfinu á árinu 2005 í viðauka 5.

Skýrslan er yfirfarin af raforkuhópi orkuspárnefndar. Eftirtaldir eiga sæti í hópnum:

<i>Landsnet:</i>	<i>Íris Baldursdóttir, formaður</i>
<i>Norðurorka:</i>	<i>Agnar Árnason</i>
<i>Orkustofnun:</i>	<i>Ívar Þorsteinsson</i>
<i>Orkuveita Reykjavíkur:</i>	<i>Gunnar Aðalsteinsson</i>
<i>Rafmagnsveitur ríkisins:</i>	<i>Pétur Þórðarson</i>
<i>Samorka:</i>	<i>Sigurður Ágústsson</i>
<i>Starfsmaður raforkuhóps:</i>	<i>Jón Vilhjálmsson, Verkfræðistofan AFL</i>

Vinnslu efnis og frágang texta hafa Jón Vilhjálmsson og Ingvar Baldursson hjá Verkfræðistofunni AFLi annast. Skýrslan er einnig birt á heimasíðu orkuspárnefndar, sjá www.orkuspa.is.

2 FORSENDUR

Sett hafa verið inn í orkuspárlíkanið ný gögn um raforkunotkun og vinnslu, aflþörf, mannfjölda og ýmsar hagstærðir. Eftirtalдар breytingar hafa verið gerðar á forsendum raforkuspárinna:

- 1) **Landsframleiðsla:** Varðandi næstu ár er tekið mið af áætlunum efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis samkvæmt tölum í þjóðhagsspá frá því í júní 2006. Þar er miðað við að landsframleiðsla hafi aukist um 8,2% árið 2004 og um 5,5% árið 2005. Spáð er 4,7% aukningu árið 2006, 0,9% aukningu árið 2007 og 2,3% árið 2008. Spá til lengri tíma er hækkuð nú í samræmi við mat fjármálaráðuneytis á jafnvægishagvexti sem nú er talinn vera 2,6–2,7% á ári. Veruleg óvissa er ætíð í áætlunum um hagvöxt en hann er nú mikill vegna uppbyggingar orkumannvirkja og stóriðjuvera. Hér er ekki gert ráð fyrir öðrum stóriðjuframkvæmdum en þegar hefur verið samið um en miklar líkur eru á frekari uppbyggingu í þessari grein.
- 2) **Mannfjöldi og fjöldi heimila:** Tekið er mið af fólksfjöldaspá Hagstofu Íslands frá 2003 sem er nokkuð hærri en eldri spár auk þess sem teknar eru með rauntölur um fólksfjölda fram til 2005. Miðað er við að fólksflutningar að og frá landinu verði svipaðir og tímabilið 1993–2002 eða 168 fleiri aðfluttir en brottfluttir. Þróun tveggja síðustu ára hefur verið nokkuð á annan veg þar sem árið 2005 fluttu 3.860 fleiri til landsins en frá því og árið 2004 voru flutningarnir á sama veg og fjöldinn var 530 manns. Aðfluttir umfram brottflutta er því mun meiri að meðaltali síðustu 10 árin en miðað var við í spánni eða sem nemur 829 manns. Hafa ber í huga að miklar framkvæmdir og mikill hagvöxtur undanfarinna ára hefur skilað sér í auknum aðflutningi erlendra ríkisborgara og gera má ráð fyrir að á þessari þróun hægi þegar hagvöxtur minnkar. Síðustu tíu ár fluttu að meðaltali 405 Íslendingar frá landinu á ári umfram þá sem fluttu til landsins en flutningarnir voru á hinn veginn hvað varðar erlenda ríkisborgara, 1.234 fleiri fluttu til landsins en frá því.
- 3) **Atvinnustarfsemi:** Nýjar rauntölur hafa verið settar inn varðandi atvinnustarfsemi í landinu þar sem slíkt liggur fyrir samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Framleiðsla einstakra greina hefur verið stillt þannig af að útreiknuð landsframleiðsla verði svipuð og miðað er við hjá Hagstofunni. Tekið er mið af þeim virkjana- og stóriðjuframkvæmdum sem nú standa yfir. Hvað varðar fiskveiðar og vinnslu hafa aflatölur næstu ára verið samræmdar nýjustu tölum Hafrannsóknastofnunarinnar en tölur til lengri tíma hafa aðeins að litlu leyti verið endurskoðaðar. Loðnuaflinn er áætlaður minni árin 2006 og 2007 en hann hefur verið að jafnaði síðasta áratug en síðan er gert ráð fyrir að hann verði 600 þúsund tonn árið 2008. Kolmunnaafli til lengri tíma er einnig minnkaður í 200 þúsund tonn en var 270 þúsund tonn í áætlunum ársins 2005. Afli sem unninn er um borð í vinnsluskipum hefur verið aukinn núna í samræmi við reynslu síðustu ára.
- 4) **Hitað húsrými og orkunotkun við hitun:** Húshitunarspá hefur verið endurreiknuð út frá rauntölum um raforkunotkun og vatnsnotkun hjá kyntum hitaveitum. Tölur um

jarðvarmaveitur hafa ekki verið uppfærðar. Síðustu sjö árin hefur íbúðarhúsnæði aukist mikið á landinu skv. tölum Fasteignamats ríkisins eða að meðaltali um rúmlega 1,2 Mm³ á ári tímabilið 1999–2005 en tímabilið 1984–1998 var aukningin rúmlega 0,8 Mm³. Aukningin hefur því verið um 50% meiri þessi 7 ár sem jafngildir 3,5 ára aukningu miðað við árin á undan. Mest er aukningin árið 2005 eða rúmlega 1,4 Mm³. Í húshitunarspánni er gert ráð fyrir að aukning íbúðarhúsnæðis minnki að nýju og að hækkun íbúðartíðni sem átt hefur sér stað á undanförunum árum haldist.

- 5) **Raforkunotkun heimila:** Í raforkuspá frá 2005 kom fram að raforkunotkun á heimilum hafði aukist verulega á síðasta áratug en á allra síðustu árum hefur þó heldur hægt á þeirri þróun. Árið 2005 var smávægileg aukning í almennri heimilisnotkun miðað við fjölda heimila eða um 0,7%. Notkun sumarbústaða jókst um 14% á síðasta ári en sumarbústöðum fjölgaði um 6% skv. tölum Fasteignamats ríkisins. Ein ástæða aukinnar notkunar rafmagns í sumarbústöðum gæti verið fjölgun heitra potta sem eru rafkyntir. Líkleg notkun slíkra potta er um 2,5 MWh á ári. Raforkunotkun heimila jókst minna á síðasta ári en árið á undan og reyndist spáin fyrir heimilisnotkun því hærri en rauntalan og munaði 13 GWh. Gert er ráð fyrir að forsendur varðandi heimilisnotkun séu að mestu óbreyttar frá síðustu spá en þó hefur notkun sumarbústaða verið aukin í samræmi við rauntölur síðasta árs.
- 6) **Raforkunotkun í landbúnaði:** Raforkunotkun í landbúnaði var 18 GWh meiri en spáð var árið 2005 og skýrist það annars vegar af meiri raforkunotkun í gróðurhúsum og hins vegar meiri rafhitun íbúnaðarhúsnæðis á býlum. Í raforkuspá 2005 var gert ráð fyrir 10 GWh aukningu í lýsingu gróðurhúsa fram til ársins 2007 og er hún að mestu komin fram. Á næstu tveimur árum er því gert ráð fyrir að aukning verði um 5 GWh. Þó svo að býlum þar sem landbúnaður er aðalatvinnugrein fari fækkandi skilar það sér ekki strax í raforkunotkun þar sem notkun heimila í dreifbýli er oft flokkuð áfram með landbúnaði þó svo að hann sé ekki lengur aðalatvinnugreinin. Ef landbúnaður og heimilisnotkun eru tekin saman hefur spáin frá síðasta ári staðist vel en samtals var notkunin í þessum tveimur flokkum 5 GWh umfram spána.
- 7) **Raforkunotkun í iðnaði:** Raforkunotkun í iðnaði er ekki hægt að bera beint saman við fyrra ár í tölunum hér að aftan þar sem nú er tekin út sú notkun sem vinnslufyrirtæki nota eða selja beint án þess að orkan fari um kerfi dreifiveitna. Þetta gerir það að verkum að 75,8 GWh af byggingarafmagni er ekki talið nú með iðnaði. Ef tekið er tillit til þessa verður raforkunotkun í iðnaði 77 GWh minni en gert var ráð fyrir í spánni 2005. Þetta stafar af því að notkun fiskimjölsverksmiðja á ótryggðri orku minnkaði um 20 GWh vegna minni loðnuveiði en árin á undan. Notkun raforku við framkvæmdir á Austurlandi vegna stóriðju og virkjana var einnig um 20 GWh undir áætlun, aðallega vegna framkvæmda við álverið. Raforkuhópurinn taldi að tölur þær sem fengust um þá notkun væru ofátlaðar sem ekki fékkst viðurkennt og því voru notaðar formlegar tölur sem ráðgjafar Fjarðaáls höfðu gefið út. Notkun forgangsorku í fiskiðnaði minnkaði um 10 GWh á milli ára og einnig um tæpar 10 GWh í almennum iðnaði aðallega vegna þess að starfsemi var hætt í Kísiliðjunni.

Í byrjun ársins 2005 brann fiskimjölverksmiðjan Fiskmjöl og lýsi í Grindavík en Samherji seldi verksmiðjuna eftir brunann til Síldarvinnslunnar. Síldarvinnslan rekur 5 fiskimjölverksmiðjur, í Helguvík og á Siglufirði, Raufarhöfn, Seyðisfirði og Neskaupsstað. Fyrir á árinu tilkynnti Síldarvinnslan að hætt yrði starfsemi í fiskimjölverksmiðjunni á Raufarhöfn. Líklegt er að HBGrandi stækki fiskimjölverksmiðju á Vopnafirði en minnki á móti vinnslugetuna á suðvesturhorni landsins. Ekki liggur fyrir nein ákvörðun um frekari rafvæðingu fiskimjölverksmiðja. Loðnuveiði á árinu 2006 hefur verið dræm og er tekið tillit til þess í þessum reikningum sbr. lið 3 hér að framan. Aftur á móti hefur kolmunnaveiði gengið vel í vor og búið er að veiða um 245 þúsund tonn sem er 70% af úthlutuðum kvóta. Stærsti hlutinn fer í bræðslu. Hér er gert ráð fyrir að ótryggð orka í bræðslu fyrir árin 2006 og 2007 verði svipuð og á árinu 2005, en það er um 45 GWh minna en fyrri forsendur gerðu ráð fyrir.

Fyrirhugað er að reisa verksmiðjur til að tappa vatni á flöskur í Þorlákshöfn og á Rífi. Einnig er í skoðun vatnsverksmiðjur á Patreksfirði og á Hvammstanga. Hér er um nokkra raforkunotkun að ræða en gert er ráð fyrir að hún geti rúmast innan þeirra almennu forsendna sem hér er miðað við varðandi þróun iðnaðar.

Orkunotkun vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði var áætluð 98,5 GWh á árinu 2005 en notkunin var 84 GWh eða 14,5 GWh minna en ráð var fyrir gert. Nú er gert ráð fyrir að orkunotkun verði 15 GWh minni árið 2006 og 10 GWh minni árið 2007 en áætlað var (sjá töflu 4.7 í Raforkuspá 2005).

- 8) **Þjónusta:** Notkun forgangsorku í þjónustu var 31 GWh minni en spáð var en notkunin var 772 GWh árið 2005. Þar af nam sala á ótryggðri orku til þjónustustarfsemi um 16 GWh á síðasta ári en hér er aðallega um að ræða hitun skóla og sundlauga. Þrátt fyrir mikinn hagvöxt á síðasta ári og mikla grósku í þjónustustarfsemi jókst notkunin minna en ráð var fyrir gert.
- 9) **Veitur:** Breyting er á framsetningu gagna á þann hátt að raforkunotkun vinnslufyrirtækja á svæðum virkjana er talin sér þar sem sú orka fer hvorki um flutnings- né dreifikerfi raforku, þetta sést í töflum 3, 4 og 5. Þetta er raforkunotkun á Nesjavöllum, í Svartsengi og eigin notkun Landsvirkjunar. Árið 2005 er þessi notkun samtals 210 GWh og er hluti hennar vegna dælingar á vatni en einnig er um að ræða töp í spennum virkjana sem áður töldust með flutningstöpum. Heildarnotkun í veitustarfsemi var 485 GWh árið 2005 sem er 69 GWh meira en árið áður. Aukningin er mest vegna vinnslufyrirtækja þar sem töp í spennum sem áður voru hluti af flutningstöpum færast yfir á vinnslufyrirtækin. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar, Reykjanesvirkjunar og Hellisheiðarvirkjunar á næstu árum mun notkun vinnslufyrirtækja aukast og við bætast 56 GWh árið 2008. Miðað er við að töp í spennum þessara virkjana nemi um 0,5%. Við áætlun á eigin notkun Kárahnjúkavirkjunar var tekið mið af eigin notkun í Blöndu. Fyrir Reykjanes- og Hellisheiðarvirkjun var áætlað út frá Nesjavöllum.
- 10) **Annað:** Varnarliðið hefur tilkynnt brottflutning sinn og hverfa bandarískir starfsmenn af landi brott á árinu. Eitthvað af starfseminni mun flytjast yfir til íslenskra yfirvalda, s.s. þjónusta tengd rekstri og öryggi flugvallarins. Ljóst er að raforkunotkun dregst saman

meira en gert var ráð fyrir í spánni frá 2005. Orkunotkun varnarliðsins á Suðurnesjum var um 61 GWh árið 2005. Hér er gert ráð fyrir að notkunin verði 50 GWh í ár og að notkun á þessu svæði verði eftir brotthvarf varnariðsins 30 GWh. Aðrar forsendur haldast óbreyttar.

- 11) **Flutnings- og dreifitöp:** Flutningskerfi Landsnets tók yfir hluta af aðveitukerfi landsins og teljast því töp í því kerfi nú með flutningstöpum. Töp sem áætluð hafa verið af ótryggðri orku hafa að stórum hluta verið í þessu kerfi og af þeim sökum eru dreifitöp ótryggðrar orku minnkuð úr 4,5% í 2% frá og með árinu 2005. Spennar í virkjunum tilheyra nú virkjununum og töp í þeim eru því ekki lengur talin með flutningstöpum. Flutningstöp voru 3% á árinu 2005 eða svipuð og þau voru árið 2004 og hafa því tveir fyrrnefndu þættirnir nokkurn veginn vegið hvor annan upp. Dreifitöp eru reiknuð út frá mismun á orkukaupum dreifiveitu og notkun samkvæmt notkunarskýrslum. Orkukaup dreifiveitu er sú orka sem dreifiveita fær afhenta frá Landsneti að viðbætti orkuframleiðslu smávirkjana og dieselvéla beint inn á dreifikerfið og síðan er dregin frá innmötun frá dreifikerfinu inn á flutningskerfið. Töp á Suðurnesjum, Vestfjörðum og Suðurlandi eru óvenju lág og er væntanlega um að ræða skekkju í notkunarskýrslum dreifiveitnanna enda byggja þær að hluta á áætlunum þar sem einungis er lesið af flestum mælum einu sinni á ári. Dreifitöpum var breytt í samræmi við rauntölur síðasta árs.
- 12) **Orkunotkun stóriðju:** Orkunotkun stóriðjufyrirtækja var aðeins undir gerðum orkusamningum fyrir árið 2005, orkunotkun var 5.191 GWh en samningar voru um 5.260 GWh. Ekki hafa verið gerðir nýir orkusamningar við stóriðju síðan Raforkuspá 2005 kom út og því notaðar sömu tölur og í þeirri spá. Aftur á móti hefur verið skrifað undir viljayfirlýsingar um frekari orkuöflun fyrir stóriðju. Í byrjun júní 2006 skrifuðu Norðurál, Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur undir viljayfirlýsingu um orkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og þar er gert ráð fyrir að afhenda 250 MW til fyrsta áfanga álversins sem fyrirhugað er að hefji starfsemi á árinu 2010 en hann verður með framleiðslugetu uppá 150 þúsund tonn á ári. Fullbúið mun álverið afkasta 250 þúsund tonnum á ári og aflþörfin vera um 435 MW. Alcan fyrirhugar stækkun á álverinu í Straumsvík úr 180 þúsund tonna framleiðslu á ári í 360 þúsund tonn á ári. Orkuveita Reykjavíkur skrifaði í maí 2006 undir viljayfirlýsingu um að afhenda um 40% af orku vegna þessarar stækkunar um mitt árið 2010, eða um 200 MW. Alcoa og ríkisstjórn Íslands undirrituðu samkomulag í febrúar 2006 um að kanna hagkvæmi þess að reisa álver við Húsavík.

3 ÁÆTLUÐ RAFORKUNOTKUN

Raforkuspáin hefur verið endurreiknuð og eru niðurstöðurnar sýndar í töflum 2 til 8 auk þess sem notkun stóriðju samkvæmt þegar gerðum samningum er sýnd í töflu 1. Rauntölur um raforkunotkun eru nú einungis sýndar frá árinu 2000 en þeir sem vilja sjá tölur lengra aftur í tímann geta farið í eldri raforkuspár orkuspárnefndar. Tafla 2 sýnir notkunina á landinu næstu árin samkvæmt spánni þar sem hún er greind niður á almenna notkun með dreifitöpum, almenna ótryggða notkun með dreifitöpum, núverandi stóriðju og flutningstöp. Orkunotkun stóriðju er ekki skipt í töflunni á milli forgangsorku og ótryggðar orku eins og gert hefur verið í fyrri skýrslum þar sem sú skipting er ekki lengur mjög skýr í samningum um slíka sölu eins og hún var áður fyrir. Á síðustu árum hefur verið metið að ákvæði samninga jafngildi að um 10% orkunnar séu ótryggð orka en með þessari skýrslu er slíku mati hætt. Ótryggð orka almennra notenda er í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið um þessa notkun og sýnir því þann markað sem er til staðar en notkunin getur verið minni í einstökum árum þegar slík orka er ekki að fullu tiltæk auk þess sem aflabrestur á uppsjávarfiskum getur gert það að verkum að notkunin verði nokkru minni en áætlanir gera ráð fyrir.

Tafla 3 sýnir almenna notkun greinda niður á þætti og nær hún einungis til forgangsorku. Þar kemur fram að aukning forgangsorku var 4,7% árið 2005 og 5,3% árið 2004 en mikil aukning þessi ár er vegna mikils hagvaxtar samhliða virkjana- og stóriðjuframkvæmdum. Gert er ráð fyrir að það hægi á aukningu notkunar eftir að stóriðjuframkvæmdum á Austurlandi lýkur árið 2007. Þegar til lengri tíma er litið er búist við að notkunin aukist um nálægt 2% á ári. Ein breyting er gerð á þessari töflu frá síðustu spá sem er að notkun hjá vinnslufyrirtækjum er sýnd í sér dálki aftan við dreifitöpin þar sem sú notkun fer ekki um dreifikerfið. Þessi notkun flokkaðist áður að mestu til veitna og flutningstapa. Þar að auki flyst hluti dreifitapanna nú yfir í flutningstöp vegna aukins umfangs flutningskerfisins en á móti færast töp í spennum virkjana yfir í dálkinn Vinnslufyrirtæki. Eins og áður er komið fram virðast þessar tvær breytingar á flutningstöpunum nánast jafnast út svo þau eru svipuð og fyrir breytinguna.

Í töflu 4 er ótryggða orkan sýnd og öll almenn raforkunotkun er síðan greind niður á þætti í töflu 5. Almennri notkun, að meðtöldum dreifitöpum, er skipt niður á landshluta í töflum 6 til 8 eftir því hvort um ræðir forgangsorku, ótryggða orku eða orku alls.

Fjögur fyrirtæki eru talin hér til orkufreks iðnaðar en það eru Alcan (áður Íslenska álfélagið), Íslenska járnblendifélagið, Norðurál og Alcoa. Síðast nefnda fyrirtækið er að reisa álverksmiðju á Reyðarfirði og á framleiðsla að hefjast vorið 2007. Tafla 1 sýnir orkunotkun samkvæmt þegar gerðum samningum stóriðjufyrirtækja næstu fjögur árin en eftir það er notkunin óbreytt. Í Raforkuspá 2005 var notkunin greind niður á fyrirtæki en raforkuhópur orkuspárnefndar ákvað að sleppa þeirri sundurgreiningu nú. Orkunni er ekki lengur skipt í forgangsorku og ótryggða orku eins og áður er komið fram, heldur er öll orka stóriðju talin sem forgangsorka.

Tafla 1 **Raforkunotkun stóriðjufyrirtækja næstu árin.**

Ár	Stóriðjufyrirtæki	Orka alls	
		GWh	MW
2006	Samtals	6.207	851
2007	Samtals	9.590	1.389
2008	Samtals	11.900	1.389
2009	Samtals	12.500	1.459

Tafla 2 Spá um raforkunotkun, forgangsorka og ótryggð orka. Almenn notkun að meðtöldum dreifitöpum og núverandi og samþykkt ný stóriðja (*Rauntölur).

Ár	Almenn forgangsnotkun með dreifitöpum		Almenn ótryggð notkun m. dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2000*	2.441	417	335	74	4.682	581	221	43	7.679	
2001*	2.494	434	330	76	4.955	631	249	54	8.028	
2002*	2.548	430	370	80	5.221	627	271	46	8.410	
2003*	2.580	443	426	91	5.231	624	261	44	8.498	1.157
2004*	2.718	491	418	95	5.232	626	255	47	8.623	1.177
2005*	2.845	501	391	93	5.191	627	254	45	8.681	1.201
2006	2.929	508	358	81	6.207	851	286	50	9.780	1.376
2007	2.942	511	405	92	9.590	1.389	360	63	13.297	1.916
2008	2.981	517	445	101	11.900	1.389	393	69	15.719	1.933
2009	3.042	528	458	104	12.500	1.459	410	72	16.410	2.014
2010	3.106	539	477	108	12.500	1.459	412	72	16.495	2.026
2015	3.464	602	493	112	12.500	1.459	422	74	16.879	2.080
2020	3.810	662	501	114	12.500	1.459	431	76	17.242	2.138
2025	4.169	725	507	115	12.500	1.459	440	77	17.616	2.197
2030	4.552	792	511	116	12.500	1.459	450	79	18.014	2.261

Tafla 3 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnað ur GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtæki MW
2000*	281.154	639	188	420	642	230	182	2.301	140		2.441	3,5	417	
2001*	285.025	641	188	427	655	230	187	2.327	167		2.494	2,2	434	
2002*	287.559	677	187	421	686	233	182	2.385	163		2.548	2,2	430	
2003*	289.272	676	182	424	692	231	185	2.389	191		2.580	1,3	443	
2004*	292.587	718	195	477	732	239	186	2.546	172		2.718	5,3	491	
2005*	295.864	743	204	418	755	96	179	2.396	163	286	2.845	4,7	457	44
2006	298.837	783	194	435	807	101	170	2.490	168	271	2.929	3,0	466	42
2007	301.080	796	197	430	837	102	152	2.514	171	256	2.942	0,4	471	39
2008	303.280	811	199	417	861	105	154	2.547	174	260	2.981	1,3	477	40
2009	305.427	825	202	427	886	105	156	2.602	178	263	3.042	2,0	488	40
2010	307.534	838	205	438	913	107	158	2.659	182	265	3.106	2,1	498	41
2015	317.482	908	215	502	1.069	116	171	2.981	204	279	3.464	2,2	559	43
2020	326.525	982	222	543	1.225	134	186	3.292	226	293	3.810	1,8	617	45
2025	334.470	1.060	229	585	1.400	136	203	3.612	248	308	4.169	1,8	677	47
2030	340.610	1.138	233	629	1.598	136	221	3.955	273	324	4.552	1,8	742	50

Tafla 4 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, ótryggð orka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnað ur GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtæki MW
2000*	281.154	0	0	129	11	177	0	317	18		335	12,1	74	
2001*	285.025	0	0	130	11	173	0	314	17		330	-1,4	76	
2002*	287.559	0	0	159	14	179	0	351	19		370	11,9	80	
2003*	289.272	0	0	215	14	175	0	404	22		426	15,2	91	
2004*	292.587	0	0	202	16	178	0	395	22		418	-1,9	95	
2005*	295.864	0	0	191	17	175	0	383	7,8		391	-6,5	93	
2006	298.837	0	0	157	18	176	0	351	7,1		358	-8,3	81	
2007	301.080	0	0	198	18	181	0	397	8,1		405	13,0	92	
2008	303.280	0	0	233	18	184	0	436	8,9		445	9,8	101	
2009	305.427	0	0	243	19	187	0	449	9,1		458	2,9	104	
2010	307.534	0	0	259	19	189	0	467	9,5		477	4,2	108	
2015	317.482	0	0	263	19	201	0	483	9,8		493	0,4	112	
2020	326.525	0	0	266	21	203	0	491	10,0		501	0,3	114	
2025	334.470	0	0	270	23	204	0	497	10,1		507	0,2	115	
2030	340.610	0	0	273	24	204	0	501	10,2		511	0,2	116	

Tafla 5 Spá um almenna raforkunotkun greind niður á flokka, forgangsorka og ótryggð orka (*Rauntölur).

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnað ur GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreif- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtæki MW
2000*	281.154	639	188	549	653	407	182	2.618	158		2.776	4,6	460	
2001*	285.025	641	188	557	666	402	187	2.641	184		2.825	1,8	472	
2002*	287.559	677	187	580	699	411	182	2.736	182		2.918	3,3	489	
2003*	289.272	676	182	638	706	406	185	2.793	213		3.006	3,0	517	
2004*	292.587	718	195	678	748	416	186	2.941	194		3.136	4,3	533	
2005*	295.864	743	204	609	772	271	179	2.779	170	286	3.236	3,2	528	44
2006	298.837	783	194	592	825	277	170	2.841	176	271	3.287	1,6	533	42
2007	301.080	796	197	628	855	283	152	2.911	179	256	3.347	1,8	544	39
2008	303.280	811	199	651	879	289	154	2.983	183	260	3.426	2,4	556	40
2009	305.427	825	202	670	905	292	156	3.051	187	263	3.500	2,2	567	40
2010	307.534	838	205	697	932	297	158	3.126	191	265	3.583	2,4	580	41
2015	317.482	908	215	765	1.089	317	171	3.464	214	279	3.957	1,9	634	43
2020	326.525	982	222	809	1.246	337	186	3.782	236	293	4.311	1,7	693	45
2025	334.470	1.060	229	855	1.422	340	203	4.109	258	308	4.675	1,6	753	47
2030	340.610	1.138	233	902	1.622	340	221	4.457	283	324	5.063	1,6	817	50

Tafla 6 Spá um almenna raforkunotkun að meðtalinni notkun vinnslufyrirtækja, forgangsorka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).


Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2000*	226,7	945,3	194,3	134,3	392,7	223,9	323,8
2001*	230,7	981,7	189,3	132,9	398,6	226,6	334,5
2002*	235,4	1.005,6	187,6	135,7	402,9	224,6	356,4
2003*	235,7	1.036,2	182,8	133,2	396,0	233,2	363,2
2004*	232,8	1.074,4	194,0	135,5	401,1	286,7	393,5
2005*	229,6	1.122,1	196,3	131,7	406,7	327,4	430,9
2006	227,8	1.196,2	202,3	130,5	402,2	329,6	440,4
2007	215,9	1.238,5	205,0	132,7	408,2	293,7	447,9
2008	218,6	1.273,9	208,3	135,4	415,0	273,3	456,8
2009	222,0	1.310,6	211,3	137,1	420,6	277,0	463,7
2010	225,5	1.349,0	214,4	138,9	426,4	281,1	470,7
2015	244,3	1.574,8	231,8	149,2	458,6	298,9	506,8
2020	257,9	1.818,0	244,0	152,0	483,7	308,1	546,5
2025	271,2	2.089,9	255,3	153,8	508,4	319,5	570,6
2030	284,0	2.393,1	265,6	154,5	532,7	329,9	592,2

Tafla 7 Spá um almenna raforkunotkun, ótryggð orka, greind niður á landshluta (*Rauntölur).


Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2000*	33,2	9,7	0,7	77,3	65,4	72,5	76,2
2001*	28,4	11,3	0,9	77,2	67,5	77,1	68,0
2002*	34,1	13,0	0,9	79,5	71,8	98,1	72,6
2003*	28,3	12,8	4,5	79,2	69,8	147,4	83,9
2004*	8,6	15,7	6,9	84,5	60,2	156,7	85,2
2005*	8,7	16,2	4,7	84,5	59,0	135,1	82,7
2006	8,3	17,1	4,5	83,7	51,9	110,4	82,4
2007	8,3	17,6	4,6	85,5	57,1	148,4	83,4
2008	30,8	17,0	7,2	88,5	63,4	155,1	82,9
2009	30,9	17,4	7,2	89,6	72,8	156,0	83,9
2010	30,9	17,9	7,3	90,8	88,2	156,9	84,8
2015	31,1	20,1	7,4	95,3	89,0	160,7	89,2
2020	31,5	22,0	7,8	95,0	89,8	163,0	91,5
2025	31,9	23,8	8,2	94,0	90,6	165,1	93,2
2030	32,2	25,7	8,5	92,1	91,4	166,8	94,4

Tafla 8 Spá um almenna raforkunotkun að meðtalinni notkun vinnslu-
fyrirtækja, forgangs- og ótryggð orka, greind niður á landshluta
(*Rauntölur).

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2000*	259,8	955,0	195,0	211,6	458,1	296,3	400,0
2001*	259,0	993,0	190,2	210,2	466,1	303,7	402,5
2002*	269,5	1.018,6	188,5	215,3	474,6	322,6	428,9
2003*	264,0	1.049,0	187,3	212,4	465,8	380,6	447,0
2004*	241,4	1.090,1	200,9	220,0	461,3	443,4	478,6
2005*	238,3	1.138,3	201,0	216,1	465,7	462,5	513,6
2006	236,1	1.213,3	206,8	214,2	454,1	440,0	522,7
2007	224,3	1.256,0	209,5	218,3	465,3	442,1	531,3
2008	249,4	1.290,9	215,4	223,8	478,5	428,4	539,8
2009	252,9	1.328,0	218,5	226,7	493,4	433,0	547,6
2010	256,4	1.366,8	221,7	229,8	514,6	437,9	555,5
2015	275,4	1.594,8	239,2	244,5	547,6	459,7	596,0
2020	289,4	1.839,9	251,8	247,1	573,5	471,1	638,0
2025	303,1	2.113,7	263,5	247,7	599,0	484,5	663,8
2030	316,3	2.418,8	274,2	246,7	624,0	496,7	686,6



Mynd 1 Spá um raforkunotkun, forgangs- og ótryggð orka, tímabilið 2006–2030 ásamt rauntölum áráanna 1995–2005.



Mynd 2 Aukning almennrar raforkunotkunar, forgangs- og ótryggð orka, árin 2006–2030 ásamt rauntölum áráanna 1995–2005 (leiðrétt fyrir hitastig).

4 SAMANBURÐUR VIÐ SPÁ FRÁ 2005

Áætluð notkun hefur hækkað frá spánni sem kom út á síðasta ári eins og fram kemur í töflum 11 til 13. Þessi hækkun verður í þjónustu, iðnaði og landbúnaði. Brottflutningur varnarliðsins skýrir samdrátt í flokknum Annað. Meginskýring þessarar hækkunar er sú að nú er gert ráð fyrir meiri hagvexti en áður sem skilar sér sérstaklega í aukinni notkun í þjónustu og iðnaði. Aukin notkun í landbúnaði er vegna aukinnar notkunar til lýsingar í gróðurhúsum og vegna aukins fólksfjölda. Eins og nefnt var í kafla 2 flyst nú hluti af notkuninni sem áður tilheyrði iðnaðar- og veitustarfsemi yfir í nýjan þátt sem kallast vinnslufyrirtæki. Þetta er gert til að hægt sé að sjá þá notkun sem fer um dreifikerfin en það sem flokkað er með vinnslufyrirtækjum er ekki flutt um dreifikerfin né flutningskerfið. Breytingarnar á þessum flokkum milli áranna 2004 og 2005 eru því ekki raunverulegar breytingar í notkun heldur vegna breyttrar flokkunar á notkun.

Tafla 9 Breytingar á áætlaðri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, forgangsorka.

Ár	Almenn forgangsnotkun með dreifitöpum		Almenn ótryggð notkun m. dreifitöpum		Núverandi stóriðja		Flutnings- töp		Samtals	
	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW	GWh	MW
2005*	-29	-18	-60	-9	-69	-1	-29	-10	-188	2
2006	-39	-22	-96	-22	0	0	-33	-11	-167	-59
2007	3	-14	-51	-12	0	0	-21	-9	-69	-43
2008	40	-8	-15	-3	0	0	1	-6	26	-30
2009	53	-6	-13	-3	0	0	1	-6	41	-30
2010	72	-3	-11	-3	0	0	2	-6	62	-29
2015	142	9	-4	-1	0	0	4	-6	142	-29
2020	185	15	2	0	0	0	5	-6	192	-23
2025	213	18	6	1	0	0	5	-6	225	-20
2030	221	18	10	2	0	0	6	-6	237	-21

Þær breytingar sem gerðar eru nú á spánni leiða af sér aukna notkun í öllum landshlutum nema Suðurnesjum og Vestfjörðum. Raforkunotkun minnkar á Suðurnesjum á næstu árum vegna brottflutnings varnarliðsins en verður svipað í lok tímabilsins og í spánni frá í fyrra.

Tafla 10 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, forgangsorka, greind niður á landshluta.

Ár	SN GWh	HS GWh	VL GWh	VF GWh	NL GWh	AL GWh	SL GWh
2005*	-10	-33	-3	-5	12	-17	27
2006	-16	-20	-1	-9	-1	-21	29
2007	-29	-1	1	-8	3	3	34
2008	-27	5	3	-7	6	22	39
2009	-26	11	3	-6	7	23	42
2010	-24	19	5	-6	9	24	46
2015	-17	55	9	-4	15	29	55
2020	-10	72	11	-3	21	36	59
2025	-4	80	12	-2	26	41	61
2030	0	74	13	-2	29	45	62

Tafla 11 Breyting á áætlaðri almennri raforkunotkun frá síðustu útgefnu spá, forgangsorka, greind niður á flokka.

Ár	Íbúa- fjöldi	Heimili GWh	Land- búnað ur GWh	Iðn- aður GWh	Þjón- usta GWh	Veitur GWh	Annað GWh	Orku- sala GWh	Dreifi- töp GWh	Vinnslu- fyrirtæki GWh	Orku- kaup GWh	Aukn- ing %	Aflþörf dreif- ingar MW	Aflþörf vinnslu- fyrirtæki MW
2005*	709	-13	18	-114	-32	-150	-9	-299	-17	286	-29		-18	
2006	1.415	14	11	-105	-45	-149	-19	-293	-16	271	-38		-22	
2007	1.440	12	16	-57	-26	-149	-38	-241	-12	256	3		-14	
2008	1.462	7	21	-35	-17	-149	-38	-211	-9	260	40		-8	
2009	1.487	6	25	-35	-10	-149	-37	-201	-8	263	54		-6	
2010	1.510	3	30	-32	-1	-149	-37	-187	-7	265	72		-3	
2015	1.621	-3	39	-26	36	-149	-35	-137	0	279	142		9	
2020	1.669	-8	42	-14	48	-150	-32	-114	6	293	185		15	
2025	1.666	-13	45	-5	48	-153	-29	-107	13	308	213		18	
2030	1.719	-17	48	2	30	-158	-27	-122	19	324	221		18	

RITASKRÁ

Fjármálaráðuneytið. 2006. *Þjóðarbúskapurinn. Sumarskýrsla 2006. Endurskoðuð þjóðhagsspá 2006–2008.*

Hagstofa Íslands. 2005: *Landshagir 2005*. Hagskýrslur Íslands III, 98.

Hagstofa Íslands. 2006: *Ýmsar upplýsingar*. Fengnar af www.hagstofa.is.

Orkuspárnefnd, 2006: *Almennar forsendur orkuspáa 2006. Samantekt fyrir vinnuhópa orkuspárnefndar*. Birt á heimasíðu orkuspárnefndar, www.orkuspa.is.

Orkuspárnefnd. 2005: *Raforkuspá 2005–2030*. OS-2005/020.

VIÐAUKI 1

**Raforkunotkun ársins 2005 greind niður á
virkjanir og mánuði**

RAFORKUVINNSLA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2005

Fyrirtæki	Janúar MWh	Febrúar MWh	Mars MWh	Apríl MWh	Mai MWh	Júní MWh	Júlí MWh	Ágúst MWh	September MWh	Október MWh	Nóvember MWh	Desember MWh	Alls MWh
Hitaveita Suðurnesja	33.211	29.807	32.740	31.219	32.176	29.918	32.891	32.383	21.428	30.986	31.720	33.199	371.678
Landsvirkjun	684.481	602.373	642.098	589.942	607.060	585.735	538.687	554.446	578.782	624.322	593.496	634.767	7.236.188
Norðurorka	0	0	0	0	0	0	176	164	129	141	103	66	780
Orkubú Vestfjarða	5.034	6.241	6.973	6.723	6.237	6.730	7.207	7.017	6.394	5.525	4.538	5.292	73.910
Orkuveita Húsavíkur	1.253	1.165	681	580	1.077	1.236	1.311	1.304	1.240	1.229	1.226	1.273	13.575
Orkuveita Reykjavíkur	70.266	66.768	72.133	69.991	48.118	34.400	69.698	68.627	66.765	69.268	87.673	94.356	818.063
Rafmagnsveitur ríkisins	5.680	9.214	9.598	12.870	10.647	8.521	12.364	11.000	11.417	13.559	10.555	9.064	124.487
Rafveita Reyðarfjarðar	50	114	105	140	161	144	145	141	144	119	146	118	1.524
Aðrir aðilar	2.330	2.863	3.086	3.108	3.137	3.236	3.432	3.954	4.009	4.431	3.685	3.593	40.863
SAMTALS	802.304	718.545	767.413	714.574	708.613	669.919	665.910	679.034	690.307	749.579	733.141	781.726	8.681.066

Tegund virkjunar	Janúar MWh	Febrúar MWh	Mars MWh	Apríl MWh	Mai MWh	Júní MWh	Júlí MWh	Ágúst MWh	September MWh	Október MWh	Nóvember MWh	Desember MWh	Alls MWh
Vatnsaflsvirkjanir	653.520	584.721	619.482	571.789	581.171	573.220	554.513	535.879	557.355	603.613	569.598	610.423	7.015.286
Jarðvarmavirkjanir	148.229	133.247	147.403	142.124	126.782	96.145	110.645	142.499	131.797	145.357	163.024	170.744	1.657.995
Eldsneytisstöðvar	555	577	529	660	660	554	753	656	1.155	609	519	559	7.785
SAMTALS	802.304	718.545	767.413	714.574	708.613	669.919	665.910	679.034	690.307	749.579	733.141	781.726	8.681.066

VIÐAUKI 2

**Raforkunotkun ársins 2005 greind niður á
notkunarflokka og rafveitur**

ORKUDREIFING RAFVEITNA ÁRIÐ 2005 EFTIR NOTKUNARFLOKKUM

Nr.	Notkunarflokkur	HS MWh	OR MWh	RARIK MWh	OV MWh	NO MWh	OH MWh	RRE MWh	Samtals MWh	Vinnsluf. MWh	Alls MWh
0	Óflokkað	311	0	70	0	0	0	0	381	0	381
101	Búrekstur og hitun	0	0	114.366	2.058	21	0	0	116.445	97	116.542
102	Búrekstur og súgþurrkun	0	0	0	65	0	0	0	65	0	65
103	Búrekstur og mjólkurkæling	0	0	0	43	12	0	0	55	0	55
104	Búrekstur, hitun og súgþurrkun	0	0	0	758	0	0	0	758	0	758
105	Búrekstur, hitun og mjólkurk.	0	0	0	606	0	0	0	606	0	606
106	Búrekstur, súgþ. og mjólkurk.	0	0	0	104	0	0	0	104	0	104
107	Búr., hitun, súgþ. og kæling	0	0	0	1.724	0	0	0	1.724	0	1.724
108	Búrekstur	134	209	17.079	3.602	481	22	0	21.527	0	21.527
109	Fiskrækt	14.253	95	11.980	525	0	113	0	26.966	0	26.966
112	Alifuglabú	671	1.177	3.986	0	0	0	0	5.835	0	5.835
113	Svinabú	306	694	2.340	5	0	0	0	3.345	0	3.345
115	Loðdýrabú	22	148	860	7	0	0	0	1.037	0	1.037
116	Garðyrkja og ylrækt	19	2.281	49.336	14	84	0	0	51.734	0	51.734
117	Fóðurframleiðsla	290	6.792	795	0	2.813	0	0	10.691	0	10.691
118	Grasmjölsværsmiðjur	0	2	641	0	0	0	0	642	0	642
121	Skógræktarstöðvar	18	180	867	0	3	0	0	1.067	0	1.067
122	Fiskveiðar	2.239	656	4.202	1.415	131	384	145	9.171	0	9.171
123	Sportveiði	0	0	2.155	0	0	0	0	2.155	0	2.155
300	Grjótárnám, malarnám o.s.frv.	275	0	505	0	0	0	0	780	0	780
410	Sláturhús og kjötiðnaður	3.081	2.897	12.379	257	2.621	1.901	22	23.158	0	23.158
420	Mjólkuriðnaður	14.653	10.228	5.882	165	8.834	28	0	39.791	0	39.791
431	Fiskfrysting	24.895	9.362	47.880	18.991	6.572	3.474	1.496	112.670	0	112.670
432	Saltfisk- og skreiðarf.	8.619	353	13.917	3.762	74	1.068	0	27.792	0	27.792
440	Sildarsöltunarstöðvar	0	0	610	0	0	0	21	631	0	631
450	Niðurlagningarverksmiðjur	131	644	321	0	6.398	49	0	7.543	0	7.543
460	Brauð- og kökugerð	1.639	12.653	2.078	372	1.897	175	0	18.813	0	18.813
470	Kexgerð	0	415	0	0	0	0	0	415	0	415
480	Sælgætisgerð	1.125	2.743	64	0	0	0	0	3.932	0	3.932
491	Drykkjarvöruíðnaður	10	6.370	115	0	5.878	0	27	12.399	0	12.399
492	Annar matvælaíðnaður	1.179	1.466	2.236	0	0	81	84	5.045	0	5.045
510	Vefjariðnaður	0	471	280	0	2.411	0	0	3.162	0	3.162
520	Fataíðnaður	201	452	798	0	12	0	0	1.463	0	1.463
530	Leður- og skóíðnaður	29	20	221	0	1.178	0	0	1.448	0	1.448
540	Veiðafæragerð	124	130	1	0	25	0	78	359	0	359
610	Timbur- og korkiðnaður	2.218	2.542	1.591	9	210	78	142	6.791	0	6.791
620	Pappa- og pappírsvörugerð	184	2.213	13	0	0	0	0	2.410	0	2.410
630	Prentun, útgáfa og skyld fr.	927	12.173	226	25	351	0	0	13.702	0	13.702
700	Gummivöruíðnaður	0	346	49	0	203	0	0	598	0	598
820	Plastiðnaður	5.130	1.005	2.183	0	165	0	0	8.483	0	8.483
821	Framl. úr olíu og kolum	951	79	69	0	0	0	0	1.099	0	1.099
831	Áburðarvinnsla	0	0	0	2.007	0	0	0	2.007	0	2.007
832	Hvalvinnsla	459	0	65	0	0	0	0	524	0	524
833	Lifrabræðsla og fl.	0	531	97	0	0	0	0	628	0	628
834	Fiskmjölsværsmiðjur	33.189	3.116	126.992	1.157	13.169	0	145	177.768	0	177.768
